

## Skólaráðsfundur

**Mætt eru:** Fulltrúi nemenda: Stefán, Sigríður, Fulltrúi kennara: Jóna Dís, Árni Jón, Fulltrúi starfsmanna: Gróa, Fulltrúi foreldra: Alda, Hulda, Skólastýrur: Þórhildur, Þórána

Forföll boðaði Edda (fulltrúi grenndarsamfélags)

### 1. Skóladagatal næsta ár

- a. Farið yfir hugmyndir og hvernig vinna skal dagatalið. Samræma þarf dagatalið við leik- og grunnskóla bæjarins.

### 2. Öryggi, aðbúnaður og almenn velferð nemenda

- a. Hulda spurði um handriðið í eldri deildinni, Þórhildur sagði að það væri komið í vinnslu hjá yfirmanni fasteigna. Foreldrafélagið tekur saman lista af ábendingum sem foreldrar hafa komið með athugasemdir og koma því til skólastjóra.
- b. Nemendur höfðu engar athugasemdir
- c. Jóna Dís nefndi öryggið við bílastæðin við eldri deild Varmárskóla þar sem verið er að keyra börn inná stæðin, taka U-beygjur til að komast út og svo eru starfsmenn í vandræðum með að leggja vegna öngþveitis.
- d. Rútan er of seint á ferðinni nefndi Sigríður fulltrúi nemenda. Rætt var um læti í rútum á morgnanna og eftir skóla. Rætt var um að fá almennilegt hlið hjá skólabílunum.

### 3. Skólapúlsinn – farið yfir niðurstöður

- a. Hvert er vandamálið í stærðfræði og náttúrufræði? Mismunandi kennsluaðferðir? Kennarar ná mismundi til nemenda.
- b. Rætt var um skólabrag, stundum neikvætt hjá nemendum í eldri deild. Nýir krakkar benda á að skólinn sé mjög klíkuskriptur. Þetta virðist vera árgangaskript hversu miklar klíkumyndanir eru í gangi.

### 4. Önnur mál:

- a. Erindi fræðslunefndar til skólaráða
  - i. Fulltrúar valdir: Alda fulltrúi foreldra, Stefán og Sigga fyrir hönd nemenda
- b. Lífshlaupið
  - i. Varmárskóli er þátttakandi í lífshlaupinu og allir nemendur eru þátttakendur. Nemendur eru í fyrsta sæti eins og er. Starfsfólk er líka á fullu og gengur vel.
- c. Ábending frá nemendu að taka fram skýrar fram ef kannanir eru ekki nafnlausar sbr. Hugur og heilsa.
- d. Afmæli Varmárskóla
  - i. Búið er að stofna Facebook síðu – Vinir Varmárskóla. Bent var á að láta nemendafélagið vita af þessu til að boða í hópinn.
- e. Viðhorf nemenda til Fmos – rætt um skólann. Nemendur sögðu að viðhorfið hér væri frekar neikvætt, ekki að skólinn væri slæmur heldur að nemendur vildu hleypa heimdragann.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið

Þórána Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð